


AFSTÖÐUMYND




SNIÐ B–B




SNIÐ C–C




SNIÐ D–D




SNIÐ A–A




GRUNNMYND

Samþykkt
28 FEB. 2006
Byggingarfulltrúi uppsveita Árnessýslu

Byggingarlýsing:
Undirstöður:
Undirstöður eru staðsteyptar og skal þykkt þeirra vera a.m.k. 200mm. Hæð þeirra kemur fram á teikningu verkfræðings. Undirstöður hvíla á klöpp eða frostfríum jarðveg.
Undirstöður eru með 75mm plasteinangrun að innan, 24 kg/m3.
Undirstöður palls eru steyptar, sjá teikningar verkfræðings.
Botnplata:
Steypuþykkt botnplötu er 120mm en þykkt flagnar með gólfefni er 70mm. Undir botnplötu er 75mm plasteinangrun, 24 kg/m3 og er platan slitin frá sökklum með 25mm þykkri samskonar einangrun.
Gólfefni:
Í anddyri, holi, gangi, fjölskylduherbergi, stofu, borðstofu, eldhúsi, þvotti/geymslu og baðhúsi eru niðurlímdar skífur. Í herbergjum eru niðurlímd gólfborð úr harðvið. Á baðherbergisgólfum eru flísar.
Útveggir:
Burðargrind útveggja er úr 45x145mm timbri og klædd að utan með 12mm grenikrossvið sem vindvörn. Utaná krossviðnum á móts við stoðir eru 12x45mm listar. Á listunum eru 28x58mm loftunarlistar sem lóðréttur harðviðarpanill er festur við. Hluti útveggja er klæddur með báruðum alusinkplötum. Burðargrindin er einangruð með 150mm steinull og klædd að innan með rakavörn. Að innanverðu er lagnagrind sem klædd er með gifsplötum.
Léttir innveggir:
Blikkgrind sem klædd er beggja megin með gipsplötum.
Þak:
Þak er hefðbundið sperruþak, halli 7°. Sperrur eru 50x225mm c/c 600mm. Þær er klæddar 18mm grenikrossvið og trefjastyrktum þakpappa. Þak er klætt læstri sinkklæðningu.
Milli sperra er 200mm einangrun 30 kg/m3 með áföstum vindpappa. Yfir þakeinangrun er 25mm loftunarbil.
Sperrur eru klæddar rakavörn að innan og á þeim er afrétt lagnagrind.
Á lagnagrind er panill úr harðvið sem liggur þvert á sperrur.
Gluggar og útihurðir:
Gluggar og hurðir eru úr maghony með álglerjunarkerfi. Gler er tvöfalt einangrunargler.
K-gildi skv. byggingarreglugerð.
Upphitun:
Geislahitun er í gólfi í anddyri, holi, stofu, borðstofu, eldhúsi, þvottur/geymslu, baðhúsi og í gólfum baðherbergja.
Handklæðaofnar eru í baðherbergjum. Í herbergjum eru hefðbundnir ofnar.
Útipallur:
Við húsið og við heitan pott er pallur sem klæddur er harðvið.
Heitur pottur:
Við sunnanvert húsið er heitur pottur úr steinsteypu. Hann er búinn öllum þeim búnaði sem lög og reglugerðir kveða á um þ.a.m. öryggisloki og vatnshitamæli.
Sorp:
Við aðkomu er skýli fyrir tvær sorptunnur.
Frágangur lóðar:
Austan við húsið eru bílastæði og aðkoma frá vegi.

| Helstu stærðir: | Flatarmál (brúttó) | Rúmmál (br. án botnpl.) |
|---|---|---|
| Íbúðarhús, Matshluti 01 | 190.2 m2 | 618.3 m2 |
| Bílageymsla, Matshluti 02 | 42.5 m2 | 147.9 m2 |
| Samtals: | 232.7 m2 | 766.2 m2 |

| | |
|---|---|
| Lóðarstærð | 1650 m2 |
| Nýtingarhlutfall | 0.14 |
| Fjöldi bílastæða | 4 |

| Kólnunartölur: | U-gildi W/m2 |
|---|---|
| Þak | 0,2 |
| Útveggir | 0,3 |
| Gluggar (vegið meðaltal) | 2,0 |
| Hurðir | 3,0 |
| Gólf á fyllingu | 0,3 |

Brunavarnalýsing:
Útveggir eru klæddir að utanverðu með panil í flokki 2 en að innan með gifsplötum í flokki 1. Burðarvirki útveggja eru a.mk. R60.
Þak er klætt læstri málmklæðningu í flokki 1 að utan en panil í flokki 2 að innan.
Í öllum vistarverum er a.mk. eitt björgunarop (BO) sem opnast út undir bert loft. Stærðir björgunaropa koma fram á grunnmynd.
Steypt eldstæði er stofu. Það er útfærð skv. gildandi lögum og reglugerðum. Reykháfur frá eldstæði er stálrör upp úr þaki.
Brunavarnakerfi:
Þjófavarnarkerfi og sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi eru í húsinu og eru þau tengd viðurkenndri vaktstöð, hannað og uppsett skv. reglum Brunamálastofnunar og ÍST EN54. Reykskynjarar (RS) eru í öllum vistarverum og göngum. Fjölda, gerð og staðsetningu handslökkvitækja skal ákveða í samráði við slökkviliðsstjóra.
Bílgeymsla:
Útveggir bílgeymslu verða EI-60. Loft- og veggjaklæðning í bílgeymslum í flokki 1.

| Endurskoðun: | Dags.: |
|---|---|
| D | |
| C | |
| B | |
| A Gólfkóta breytt. Hækkaður um 0,27m. Gluggi og fellihurð í bílag. feld burt. | 28.4.2006 |

# BÆJARHOLT 5
# LAUGARÁSI
# BLÁSKÓGABYGGÐ

| | |
|---|---|
| Staðgreinir: | 8721-01-64300050 |
| Verkkaupi: | Lúðvík Thorberg Halldórsson |
| Kennitala: | 050451-2759 |

Efni: Afstöðumynd, grunnmynd og snið A-A, B-B, C-C og D-D
Mælikvarði: 1:500 / 1:100
Frumstærð: A1


STEINAR SIGURÐSSON
ARKITEKT FAÍ
LJÁRSKÓGUM 10 109 REYKJAVÍK
SÍMI 695 0949 FAX 530 6991 steinar@vaarkitektar.is
KT.: 130958-3899


| | |
|---|---|
| Verk nr.: | 05.01 |
| Teikning nr.: | 101 |
| Breyting: | A |

Aðalteikning 1 af 2

Hannað: SS Yfirfarið: SS Teiknað: SS/ÁÞG

Dags. útgáfu: 09.02.2006


Steinar Sigurðsson arkitekt faí
kt.: 130958-3899



Teikninguna má ekki afrita með neinum hætti
að hluta eða í heild án skriflegs leyfis eigenda